

## REGLUR

### Strætó bs. um fargjaldaálag.

#### 1. gr.

Starfsmanni á vegum Strætó bs. er heimilt að krefja farþega um fargjaldaálag, sbr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017, geti viðkomandi ekki sýnt fram á greiðslu réttis fargjalds þegar eftir því hefur verið leitað.

#### 2. gr.

Strætó bs. ber ábyrgð á því að greiðslukerfi á vegum þess virki sem skyldi. Ef telja má eðlilega virkni greiðslukerfis Strætó bs. hafi hamlað greiðslu réttis fargjalds verður fargjaldaálags ekki krafist.

#### 3. gr.

Fjárhæð fargjaldaálags skal vera 15.000 kr. hafi farþega borið að greiða fullt fargjald. Ungmenni á aldrinum 15-17 ára sem og aldraðir, 67 ára og eldri, verða krafín um 7.500 kr. fargjaldaálag í samræmi við veittan afslátt af fullu fargjaldi. Öryrkjar verða krafðir um fargjaldaálag í samræmi við veittan afslátt af fullu fargjaldi, 4.500 kr. Börn yngri en 15 ára verða ekki krafín um fargjaldaálag.

#### 4. gr.

Farþega sem krafinn er um fargjaldaálag er fjálst að staðgreiða álagið, en að öðrum kosti verður honum sendur greiðsluseðill til innheimtu þess.

#### 5. gr.

Telji farþegi ákvörðun um að krefja hann um fargjaldaálag byggða á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik getur hann óskað þess að Strætó bs. taki hana til endurskoðunar. Um endurskoðun fargjaldaálags fer samkvæmt 4. mgr. 30. gr. a. laga nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

#### 6. gr.

Reglur þessar sem stjórn Strætó bs. samþykkti þann 9. júní 2023 staðfestast hér með samkvæmt 3. mgr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 og öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 13. september 2023.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Hermann Sæmundsson.*